

Reykjanesbær  
21. janúar 2022


Kjartan Már Kjartansson  
Bæjarstjóri Reykjanesbæjar


Á dögunum sátu aðilar úr stjórnunum körfuknattleiksdeilda Keflavíkur og Njarðvíkur fund saman. Ástæða fundarins var staðan á rekstri deildanna sem því miður er orðin ansi slæm en ástæðuna má að langmestu leyi rekja til þess ástands sem hefur ríkt í okkar samfélagi með tilkomu Covid-19. Við viljum ekki fara í langar útskýringar hér á þessum vettvangi yfir það hversu gríðarlegu tekjutapi deildirnar hafa orðið fyrir en viljum gjarnan fá tækifæri til að sýna ykkur svart á hvítu hvernig málín standa.


Þess vegna leitum við til ykkar með þá von að þið séuð reiðubúin að hitta okkur þar sem við förum ítarlega yfir stöðuna. Eins og við nefnum hér að ofan þá er staðan orðin slæm og því má segja að við séum að óska eftir neyðarfundi. Ef deildirnar okkar ynnu eftir viðbúnaðarstigi líkt og Almannavarnir þá mætti segja að við séum á hættustigi en við það detta á neyðarstig.

Með fyrirfram þökkum og óskum um góð viðbrögð.

Kristín Örlygsdóttir  
Formaður körfuknattleiksdeilda Njarðvíkur  


Kristján Helgi Jóhannsson  
Varaformaður körfuknattleiksdeilda Keflavíkur  


Ólafur Eyjólfsson  
Formaður aðalstjórnar Njarðvíkur  


Einar Haraldsson  
Formaður aðalstjórnar Keflavíkur  
  
I.h. KEFLAVÍK  
Kt: 590794-2019